



# LANDSSAMBANDSLÖG

## Inngangur

Alþjóðasamband Soroptimista eru alþjóðasjálfbóðaliðasamtök kvenna í starfsgreinum og viðskiptum sem hafa það að markmiði að bæta líf og stöðu kvenna og stúlkna með því að vekja athygli á stöðu þeirra, vera málsvari þeirra og grípa til aðgerða. Alþjóðasamband Soroptimista er málsvari kvenna um allan heim.

Soroptimistar hvetja til aðgerða og skapa tækifæri til að breyta lífi kvenna og stúlkna í gegnum alþjóðlegt tengslanet félaga og með alþjóðlegri samvinnu í heiminum.

Alþjóðasamband Soroptimista á Íslandi er aðili að Alþjóðasambandi Soroptimista í Evrópu (hér eftir nefnt SIE) sem er hluti af Alþjóðasambandi Soroptimista.

Alþjóðasamband Soroptimista á Íslandi er hlutlaust er varðar deilur um málefni milli landa, fylkja, stjórnmálaflokka og trúarbragða.

## 1. Nafn, staðsetning og starfstími

- 1.1 Nafn samtakanna er Alþjóðasamband Soroptimista á Íslandi, hér eftir nefnt Landssambandið. Landssambandið eru samtök sem ekki eru rekin í hagnaðarskyni, fylgja þessum Landssambandslögum og landslögum Íslands.
- 1.2 Aðsetur Landssambandsins er að Hamraborg 10, 200 Kópavogi.
- 1.3 Löglegur fulltrúi Landssambandsins er forseti.
- 1.4 Starfstími Landssambandsins er ótakmarkaður eða takmarkaður samkvæmt landslögum.

## 2. Markmið og tilgangur

- 2.1 Markmið Landssambandsins og félaga þess eru eftirfarandi:
  - a) Bætt staða kvenna.
  - b) Háar siðgæðiskröfur.
  - c) Mannréttindi fyrir alla.
  - d) Jafnrétti, þróun og friður fyrir tilstuðlan alþjóðlegs skilnings og velvildar.
  - e) Meiri sjálfbærni í umhverfismálum í heimabyggð, heimalandi og á alþjóðavettvangi.
- 2.2 Tilgangur Landssambandsins er:
  - a) að vinna með Evrópusambandi Soroptimista og öðrum landssamböndum til að koma á framfæri markmiðum Alþjóðasambands Soroptimista,
  - b) að hvetja til samvinnu milli félaga sinna,
  - c) að stofna nýja klúbba,
  - d) að hafa eftirlit með því að farið sé eftir lögum og reglugerð Landssambandsins.
- 2.3 Landssambandið getur unnið með öðrum samtökum sem ekki eru rekin í hagnaðarskyni og vinna að sömu markmiðum.
- 2.4 Landssambandið skal beita öllum viðeigandi aðgerðum til að ná tilgangi sínum.



### 3. Merki

Landssambandið skal nota merki Alþjóðasambands Soroptimista.

### 4. Aðildarfélagar

4.1 Aðildarfélagar Landssambandsins eru Soroptimistaklúbbar landsins sem samþykktir hafa verið af SIE og uppfylla skilyrði sem sett eru í reglugerð SIE og reglugerð Landssambandsins.

Félagsaðild fellur úr gildi ef klúbbur er leystur upp af fulltrúaráði.

4.2 Klúbbmeðlimir eru skyldugir að borga árgjald. Fulltrúaráðið skal samþykkja árgjaldið. Allar hækkanir taka gildi næsta Soroptimistaár eftir að hækkunin var ákveðin.

### 5. Tekjur og eignir

5.1 Tekjur Landssambandsins koma frá árgjöldum klúbba og tekjum sem verða til vegna starfsemi og fjárfestinga Landssambandsins. Tekjur Landssambandsins geta líka verið fjárframlög, dánargjafir eða aðrar peningagjafir sem gefnar eru án allra skilyrða.

5.2 Tekjur Landssambandsins eru eingöngu ætlaðar til að ná tilgangi Landssambandsins. Allar tekjur Landssambandsins, einnig þær sem verða til vegna eigna þess, skulu aðeins vera notaðar til að ná markmiðum Soroptimista.

Umsjón með eignum Landssambandsins skal vera samkvæmt almennum viðurkenndum stjórnunarreglum.

### 6. Fjárhagsskuldbindingar

6.1 Ábyrgð Landssambandsins skal takmarkast við eignir þess eða samkvæmt landslögum.

6.2 Aðildarfélagar Landssambandsins eru ekki ábyrgir fyrir skuldum, kröfum eða skuldbindingum Landssambandsins.

### 7. Fulltrúaráð

7.1 Fulltrúaráð fer með yfirstjórn Landssambandsins.

7.2 Í fulltrúaráði sitja einn/tveir meðlimir frá hverjum klúbbi, fulltrúar sem gæta hagsmuna klúbbsins í málefnum sem snúa að Landssambandinu.

7.3 Fulltrúaráð skal halda fund árlega (hér eftir nefndur fulltrúaráðsfundur) sem forseti Landssambandsins boðar.

7.4 Forseti skal boða aukafund fulltrúaráðs ef stjórn óskar eftir því eða ef að minnsta kosti 20% klúbba óska eftir fundi.

7.5 Fulltrúaráð hefur allsherjarvald í öllum ákvörðunum í málefnum Landssambandsins, nema það sé sérstaklega tekið fram að svo sé ekki. Meginhlutverk þess er að:

- kjósa embættismenn Landssambandsins,
- taka ákvörðun um fjárhagsáætlun, samþykkja ársreikning, ákveða nýtingu fjármuna og óvenjulegar fjárfestingar,
- samþykkja breytingar á klúbbalögum,
- samþykkja breytingar á reglugerð Landssambandsins,



- e) ákveða að leysa upp klúbba,
  - f) leysa úr öllum lagalegum málum eða málum er varða þessi Landssambandslög eða öðrum málum sem stjórnin þarf að leggja fyrir.
- 7.6 Á fulltrúaráðsfundi skal mæta í eigin persónu. Undantekningar frá því skal tilgreina í reglugerð Landssambandsins. Aukafundur fulltrúaráðs mega vera í eigin persónu eða með öðrum rafrænum samskiptaleiðum eins og kveðið er á um í reglugerð.
- 7.7 Fulltrúaráðsfundur er löglegur ef tveir þriðju fulltrúa eru mættir. Ef tveir þriðju fulltrúa mæta ekki er hægt að boða nýjan fulltrúaráðsfund og nægir þá einfaldur meirihluti.
- Allar ákvarðanir fulltrúaráðs þurfa samþykki meirihluta, nema ef annað er tilgreint í þessum Landssambandslögum eða reglugerð Landssambandsins.
- 7.8 Í áriðandi málum er heimilt að greiða atkvæði með póstkosningu eða á annan hátt í stafrænum heimi. Um framkvæmd slíkra kosninga skal getið í reglugerð Landssambandsins.

## 8. Stjórn

- 8.1 Stjórnunar- og framkvæmdavald Landssambandsins er í höndum stjórnar. Stjórnin sér um öll mál Landssambandsins samkvæmt lögum, Landssambandslögum, reglugerð Landssambandsins eða að beiðni fulltrúaráðs.
- 8.2 Í stjórn sitja forseti, varaforseti (ar), ritari, gjaldkeri og verkefnastjóri. Í stjórn geta setið fleiri meðlimir sem tilgreindir eru í reglugerð. Það sama á við um stjórnaraðild verðandi forseta og fráfarandi forseta, þar gildir sem tilgreint er í reglugerð. Forseti er löglegur fulltrúi Landssambandsins og kemur fram sem æðsti yfirmaður og opinber málsvari Landssambandsins.
- 8.3 Stjórnin er kosin leynilegri kosningu af fulltrúaráði. Undantekningar geta komið til vegna ritara eða annarra stjórnarmeðlima sem getið er í reglugerð Landssambandsins. Seta í stjórn er sjálfboðaliðastarf en stjórn á rétt á greiðslum á útlögðum kostnaði og ferðakostnaði.
- 8.4 Stjórnartími stjórnar og embættismanna er tilgreindur í reglugerð. Reglubundinn tími er tvö ár. Stjórnarsetu getur lokið með úrsögn, uppsögn, löglegri vanhæfni eða andláti.
- 8.5 Helstu verkefni stjórnar eru tilgreind í reglugerð Landssambandsins.
- 8.6 Forseti boðar stjórnarfundi eins oft og forseti metur að þurfi eða ef einn þriðji stjórnar óskar eftir stjórnarfundi.
- 8.7 Það er skylda að boða sendifulltrúa á alla stjórnarfundi (minni eða stærri) þar sem þeir eru ráðgefandi.

## 9. Fulltrúar hjá SIE

Sendifulltrúar hjá SIE fyrir Landssambandið eru kosnir á fulltrúaráðsfundi eins og lýst er í reglugerð.



## 10. Fastanefndir

- 10.1 Landssambandið skal hafa eftirfarandi fastanefndir sem fulltrúaráð kýs leynilegri kosningu.
  - Laga- og reglugerðarnefnd.
  - Fjárhagsnefnd.
- 10.2 Ábyrgð og verkefni laga- og reglugerðarnefndar og fjárhagsnefndar eru tilgreind í reglugerð.
- 10.3 Aðrar nefndir/embættismenn geta verið skilgreindir í reglugerð og til þeirra stofnað vegna ákvarðana fulltrúaráðs samkvæmt tillögu stjórnar.

## 11. Prókúra

- 11.1 Prókúra Landssambandsins er í höndum forseta.
- 11.2 Stjórnin getur ákveðið að veita einum eða fleirum saman prókúru vegna ákveðinna málefna.

Forseti getur veitt Soroptimista rétt til prókúru í ákveðnu málefni eins og kveðið er á um í reglugerð.

## 12. Endurskoðun

- 12.1 Eins og lög kveða á um getur stjórnin fengið óháðan ytri endurskoðanda til að skoða ársreikning Landssambandsins. Viðkomandi skilar skýrslu til stjórnar og fulltrúaráðs.
- 12.2 Ársreikningur verður að uppfylla tilgang og ákvæði Landssambandslaga og reglugerðar.

## 13. Lausn ágreiningsmála

- 13.1 Öllum deilum sem upp koma í Landssambandinu milli klúbba eða meðlima og embættismanna skal vísa til sáttanefndar Landssambandsins. Ef ekki nást sættir skal vísa málinu til gerðardóms Landssambandsins.

Í reglugerð skal kveða á um verklagsreglur og skipan sáttanefndar.

- 13.2 Ágreiningi sem leysist ekki hjá sáttarnefnd skal vísað til gerðardóms Landssambandsins. Í reglugerð skal kveða á um verklagsreglur og skipan gerðardóms.

## 14. Breytingar á lögum

- 14.1 Landssambandið getur lagt fram tillögur að breytingum á þessum lögum til fulltrúaráðs SIE. Fulltrúaráð SIE getur einnig haft frumkvæði að tillögum að breytingum eins og kveðið er á um í lögum SIE. Ákvörðun um breytingar á lögum þessum skal samþykkt af sendifulltrúum eins og kveðið er á um í reglugerð SIE.

- 14.2 Lög Landssambands má aðlaga að landslögum án þess að fá samþykki hjá fulltrúaráði SIE.

Ef upp kemur misræmi milli laga Landssambands sem samþykkt hafa verið af fulltrúaráði SIE og landslaga skulu landslög gilda.

- 14.3 Fulltrúaráð SIE getur gert breytingar á lögum þessum þriðja hvert ár.

- 14.4 Samþykki 2/3 mættra fulltrúa SIE (sendifulltrúa) þarf til að breyta lögum.



## 15. Landssambandsslit

- 15.1 Landssambandi má slíta ef að minnsta kosti fimm sjöttu fulltrúa Landssambandsins ákveða það samkvæmt landslögum eða landssambandslögum. Fulltrúaráð SIE getur líka slitið Landssambandi samkvæmt lögum SIE og reglugerð SIE.
- 15.2 Stjórn Landssambandsins sér um slitin nema ef fulltrúaráðið hefur ráðið sérstakan slitastjóra.
- 15.3 Eftir að öllu uppgjöri á kröfum á Landssambandið er lokið skal fulltrúaráð SIE ákveða hvernig eigi að ráðstafa eftirstandandi eignum eins og kveðið er á um í reglugerð. Til að samþykkja ákvörðunina þarf 2/3 hluta af fulltrúaráðinu.

## 16. Reglugerð Landssambandsins

Reglugerð Landssambandsins sem vísað er til í þessum lögum eru viðbótareglur við lögin. Ef upp kemur misræmi milli laga og reglugerðar gilda lögin.

## 17. Klúbbalög

Landssambandið skal samþykkja lög fyrir klúbba. Þau lög verða að samræmast lögum og reglugerð SIE og þurfa að innihalda eftirfarandi reglur:

- Allir klúbbmeðlimir greiða sama gjald til Landssambandsins.

Klúbbalög verða auk þess að tilgreina eftirfarandi:

1. Hvernig hægt er að gerast meðlimur.
2. Kosningu embættismanna.
3. Prókúruréttindi.
4. Hvernig stjórnun og fjármálum klúbbs er háttað, auk stýringu á fjármunum verkefna.
5. Skyldur klúbbs og aðalfundar.
6. Hverjir geta verið fulltrúar í fulltrúaráði.
7. Breytingar á lögum klúbbs.
8. Gerðardómsmeðferð.
9. Slit á klúbbi.

Landssambandið má auk þess samþykkja lög fyrir klúbba í stafrænum heimi.

18. Landssambandslögin eru samin á ensku og þýdd yfir á frönsku. Ef ósamræmi er á milli lagatexta tungumálanna gildir enski textinn.

## 19. Breytingar og gildistími breytinga

- 19.1 Lög þessi taka gildi 1. október 2021.
- 19.2 Þar til ný klúbbalög og lög fyrir staka klúbba taka gildi gilda þessi Landssambandslög fyrir klúbba og staka klúbba.
- 19.3 Fyrsta starfsárið byrjar 1. október 2021 og endar 31. desember 2022.
- 19.4 Landssamböndin geta lagt fram breytingar á þessum lögum, ef þarf að samræma þau að landslögum, og leggja til samþykktar reglugerð Landssambandsins í seinasta lagi 31. desember 2023.